

Færum hagsmunabaráttu vinnandi stétta inn á Alþingi

Stefnuyfirlýsing Alþýðubandalagsins um alhliða framfarir í atvinnulífi Íslendinga, bætt kjör alþýðu manna og óskorað sjálfstæði þjóðarinnar

Það er stefna Alþýðubandalagsins að færa hagsmunabaráttu vinnandi stéttanna inn á Alþingi og tryggja, að landinu verði stjórnað með hag og heill alþýðunnar og þjóðarheildarinnar fyrir augum.

Þess vegna vill Alþýðubandalagið sameina alla alþýðu, öll þjóðholl og frjálslynd öfl um eftirfarandi stefnuskrá:

I. Grundvallaraðgerðir

1. Mynduð sé ríkisstjórn, er vinni að hagsmunum alþýðunnar í landinu, alhliða eflingu atvinnulífsins og fullu sjálfstæði landsins.

Samstarfi sé komið á milli ríkisstjórnar og verklyðssamtakanna um framkvæmd aðalatriðanna í stefnuyfirlýsingu Alþýðusambands Íslands, þannig að verklyðssamtökin geti stutt slíka ríkisstjórn og stefnu hennar. Stjórnarinnar og samvinnuhreyfingarinnar. Ennfremur sé komið á samstarfi milli ríkis, bændasamtaka og allra annara aðilja í atvinnurekstri, viðskiptum og útflutningi, sem þátt vilja taka í samstarfi um að auka stórum útflutning landsins, til þess að tryggja þannig afkomu landsmanna og gengi peninganna.

2. Breytt verði um stefnu í bönkunum, þannig að þeim verði stjórnað í þeim tilgangi að efla atvinnulífið í landinu og þjóna hagsmunum almennings um íbúðabyggingalán o. fl., en það verði ekki höfuðatriðið, að þeir safni

gróða. Vextir skulu því lágir af lánum til framleiðsluatvinnuveganna og til húsbýgginga.

Tryggð sé breyting í þessa átt í sjálfu bankakerfinu, m.a. með stofnun seðlabanka. Einnig verði stofnaður banki verklyðssamtakanna, er hafi svipað hlutverk og t.d. „Arbeidernes Landsbank“ í Noregi.

3. Ríkið taki í sínar hendur útflutning sjávarafurða í nánú samstarfi við fiskframleiðendur- og eigendur (sjómenn og aðra aðila að útgerð). Sérreittindi í útflutningsverzluninni og einokunaraðstaða einstakra aðila sé afnumin. Sjómönnum og útgerðarmönnum sé tryggt rétt verð sjávarafurða. — Unnið sé að því að auka stórum útflutning bæði sjávarafurða og annarra útflutningsverðmæta.

4. Ríkið taki í sínar hendur ýmist beina yfirstjórn á eða eftirlit með allri innflutningsverzluninni í því skyni að koma á hallalausum gjaldeyrisviðskiptum og tryggja landsmönnum sem hagkvæmast verð. Ríkið annist sjálft verzlun með olíur, benzín, kol, salt og byggingarefni. Ríkið hafi sjálft einkasölur á ýmsum „lúxusvörum“ til ágóða fyrir ríkissjóð, ef þær á annað borð eru fluttar inn.

20 myndlistarmenn gefa Alþýðubandalaginu verk eftir sig

Sölusýning á verkunum verður haldin í Góðtemplarahúsinu í dag og á morgun

Tuttugu myndlistarmenn okkar hafa gefið Alþýðubandalaginu verk eftir sig, í þeim tilgangi að haldin verði á þeim opinber sölusýning og renni ágóðinn til Alþýðubandalagsins sem mjög þarf á fé að halda í kosningabaráttunni. Meðal gefenda eru Ásmundur Sveinsson, Jóhannes Kjarval, Ríkarður Jónsson, Snorri Arinbjarnar, Sigurður Sigurðsson, Sigurjón Ólafsson og Barbara Árnason. Sýningin verður opnuð í Góðtemplarahúsinu kl. 2 í dag, og henni lýkur kl. 11 annaðkvöld.

Alþýðubandalagið leitaði fyrir skömmu til ýmissa listamanna um að þeir legðu fram 1 verk hver í fjáröflunarskyni vegna kosninganna. Brugðust þeir við með þeim árangri sem nú er kominn í ljós, hafa sumir þeirra gefið 2 verk; og einn þeirra, Ríkarður Jónsson, gaf 30 teikningar. Gefendur eru þessir, auk þeirra sem þegar hafa verið taldir: Ásgerður Ester Búa-dóttir, Benedikt Gunnarsson, Eggert Guðmundsson, Eiríkur Smith, Hafsteinn Austmann, Hrólfur Sigurðsson, Jóhannes Geir, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, Kjartan Guðjónsson, Magnús Árnason, Matthías Sigfússon, Sverrir Haraldsson. Ennfremur verður á sýningunni mynd eftir Jón Engilberts,

er hann hefur áður gefið. — Verkið sem Sigurjón Ólafsson gefur er frummyndin að minnismerkinu um Héðin Valdimarsson.

Hér er bæði um að ræða teikningar, eins og þegar hefur verið sagt, og stór málverk. Myndirnar verða seldar á hagstæðu verði, miklu lægra en nemur venjulegu

sýningarverði; og gefst listvinum þannig sérstakt tækifæri til að eignast góð listaverk. Verður sýningin opin til kl. 22 í kvöld og frá kl. 10—23. annað kvöld, er henni lýkur.

Enn hafa ekki borið svör frá ýmsum þeirra sem til var leitað, Framhald á 10. síðu.



Mynd Barböru Árnason: Sjómaður með harmoníku.

II. Uppbygging atvinnulífsins

1. Stækkun landhelginnar

Reglugerðarákvæðum um hið friðlýsta svæði bátaflotans fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum og við Vestmannaeyjar verði ÞEGAR breytt eins og tillögur hafa verið fluttar um á Alþingi. Stefnt sé að stækkun landhelginnar a.m.k. í 16 sjómílur frá yztu eyjum og tögum og landgrunnið allt lagt undir íslenska lögsögu.

2. Togarakaup- og smíði

Samið sé um að kaupa erlendis og byggja innanlands allt að 20 togara. Leitast sé við að fá hentug erlend lán til togarasmíða, hvar sem þau fást með beztum kjörum og án pólitískra skilyrða. Kappkostað sé að fá 15 af þessum togurum smíðaða erlendis innan eins árs, þannig að þeir fyrstu geti komið til landsins haustið 1957.

Togaraþessir séu gerðir út ýmist af ríkinu eða bæjarfélögunum frá hinum ýmsu stöðum á landinu, til þess að tryggja í senn atvinnu-ÖRYGGI og atvinnu-JAFNVÆGI um land allt. Af þessum nýju togurum séu a.m.k. 4 gerðir út frá Vestfjörðum, 6 frá Norðurlandi og 3 frá Austurlandi, þannig að yfirvofandi eyðing byggðanna í þessum landsfjórðungum

Framhald á 6. síðu

Eisenhower veikur

Sjá 12. síðu

Dalastúlka sendir Berufjarðarstúlkunni kveðju sína

Berufjarðarstúlkan okkar þarf ekki að kvarta vegna vísnaðhelminganna, sem hún sendi lesendum. Við höfum áður birt ágæta botna frá þremur Sunnlendingum, einum Hafnfirðingi og tveimur Reykvíkum.

Að skrifast á

Margir hafa beðið Óskastundina að koma sér í bréfasamband við jafnaðra sína eða aðra viðsvegar um landið. Þessar óskir höfum við birt af og til. Af þessu hafa myndast víða góð kunningjasambönd. Við höfum haft fregnir af því. En við höfum ekki opnað nein slík sambönd út yfir pollinn, þ. e. a. s. í öðrum löndum. En nú höfum við fregnir af lesendum okkar, sem skrifast á við erlend börn. Hér er kafli úr bréfi frá Ingu í Lyngási um þetta:

— „Svo væri líka gaman að fá öðru hverju frímerkjabætti. Ég er að safna frímerkjum og á eitthvað um 700. Langmest á ég frá Danmörku, ég skrifast nefnilega á við 4 danska krakka, og mér þykir mjög gaman að því. Við skiptumst á frímerkjum, kortum, landslagsmyndum og fleiru.

Þín vinkona,
Inga í Lyngási, 13 ára.“

Og nú berum við henni kveðju frá yngri stúlku úr Dalasýslu. Það er frá henni Heiðarrós, sem var 9 ára í haust, en var orðin 10 ára í vor, og hefur áður sent okkur vísur. Og þá eru hér vísurnar þeirra Addýar og Heiðarrósar.

ADDÝ:

Berufjörður blár og tær ber af öllum grönnum.

Á risaskipum úthafanna

Sagt er, að fyrir síðari heimsstyrjöldina hafi einhverju sinni hitzt á gildaskála í Frakklandi Englendingur, Ameríkumaður og Þjóðverji. Talið beindist að risaskipum úthafanna og taldi hver mest hjá sinni þjóð.

Englendingurinn sagði: „Skipstjórnir á stærstu skipunum okkar hafa einkabifreið til þess að ferðast um stjörnpallinn.“

„Heyrt hefur maður nú annað eins,“ sagði Amerikaninn, „því að vélameistararnir á okkar skipum ferðast um í flugvéllum, til þess að smyrja vélarnar.“

„Það er og,“ sagði Þjóðverjinn, „en mat-sveinarnir á okkar skipum hafa hver um sig kafbát til þess að hræra í súpupottinum.“

HEIÐARRÓS:
En hérna loga ljósin skær og leiftra blik á fönnum.
ADDÝ:
Norðurljós á björtum, breiðum bogalínum gullnum kvika.

HEIÐARRÓS:
Skína á öllum Íslands leiðum og allsstaðar, — en hvergi hika.

Bókin um Ísland

Framhald af 1. síðu. um, sem eru óvanir því, finnst það ekki gott.

Báturinn heitir Svaðilfari I. Hann er síðan 1953. Þegar verið er að veiða selinn, er oft notaður utanborðsmotor í hann. Þá fer hann alveg á fleygiferð, en stundum er líka haft segl. Það finnst mér lang sniðugast. En samt er honum oftast róðið.

Þetta er aðeins sýnishorn, hver hefur sína sögu að segja. Ein orðsending verður hér að fylgja til ykkar höfundanna: Látið ljósmyndir eða teikningar fylgja með, ef þess er kostur, og mynd af ykkur sjálfum. Stærð bókarinnar verður á annað hundrað blaðsíður og kemur út eins og áætlað var með haustinu. Margar greinar, sem við eigum von á, eru enn í smíðum. En bráðum þyrftuð þið að fara að reka smíðshöggvið á og setja svo tillag ykkar í póst.

Um miðjan maí birti Óskastundin viðtöl við nokkur Reykjavíkurbörn, sem voru að sleppa úr skólunum og voru að dreifast út um sveitirnar. Það var einróma tilhlökkun í þeim öllum. Nú hefur blaðinu okkar borizt bréf frá 9 ára drengi í Reykjavík, sem langar til að komast í sveit, en vantar verustað. Bréf hans er svona: „Þriðjudaginn 5. 6. 1956.

Mig langar í sveit

Kæra Óskastund, Mér datt í hug að skrifa þér fáeinar línur. Mig langar mikið til að fara í sveit, en hef engan stað. Eg er 9 ára og heiti Guðmundur Kr. Sæmundsson og á heima í Efstasundi 28. Eg vildi að þú gætir hjálpað mér. Vertu svo blessuð og sæl. Gummi.“

— Óskastundin þekkir

ekki þennan unga vin sinn; en við gerum ráð fyrir því að Gummi hafi skrifað þetta bréf með vitund og samþykki aðstandenda sinna. Og með þá hugsun sendum við þessa orðsendingu á fram til ykkar, kærur lesendur, sem eigið heima í sveitinni. Ef til vill hafið þið einhver aðstaður til þess að bjóða þessum unga Reykvíkungi að vera á heimili ykkar um tíma í sumar. Við gerum ráð fyrir að þetta sé efnisdrengur, bréfið hans var myndarlegt, skrifað stórum skýrum stöfum, að vísu svolítið reiklum, sem von er. En í bréfinu var aðeins ein stafvilla. Óskastundinni væri ljúft að vera tengiliður milli ykkar.

Orðsendingar

Valgerd! Á meðal blaðanna, sem voru í seinasta bréfi þínu til okkar, var bréf á sænsku, sem hófst á þessum orðum: Kæra Rut! — Við gerum ráð fyrir að þetta hafi slæðst óvart með hinum blöðunum, við sjáum að þú ert að segja fréttir frá Íslandi. Skrifðu okkur, ef þú vilt, að við sendum þér sænska bréfið.

Kortin og 17. júní. — Þann 17. júní er út-runninn tími til að senda kortin í samkeppnina.

Nýtzikudama og kraftajötunn

Nú kemur tízkumynd frá Vestmannaeyjum. Það er ekki amalegt að líta þetta fiðrildi, og þó að Vestmannaeyjar séu á suðlægum gráðum og stúlkurnar gangi þar vafalaust léttklæddar, þá verður okkur þó hugsað til enn suðlægar eyja, þegar við horfum á

Þrír og fimm

Verzlunarstjóri einn þótti nokkuð aðfinnslusamur við starfsmenn sína eins og eftirfarandi saga sýnir:

— Guðmundur! Hvernig stendur á því að þú getur aldrei skrifað tölustafi, svo að læsilegt sé? Líttu nú t. d. á þessa 3, þeir eru alveg eins og 5.

— Já, en það eiga líka að vera 5.

— En hversvegna geturðu þá ekki skrifað þá svo að þeir líti ekki út alveg eins og 3?



legum kraftajötni, sem sennilega hefur sýnt listir sínar á þjóðhátíðinni í Herjólfssdal. Þá mynd verðum við að geyma til næsta blaðs.

10) — ÞJÓÐVILJINN — Laugardagur 9. júní 1956

Brim á Barðaströnd

Framhald af 3. síðu vizka hans var slæm í þessu mikla máli. Þessi umræddi Alþýðuflokksmaður hefur síðan sagt að hann eigi áreiðanlega eftir að kvitta fyrir við Eysteinn við kjörborðið.

★ Baldur og Konni

Í fundarlokin, en Sigurvin hafði síðasta orðið, gerðust þau undur að þeir kjöftuðu hvor upp í annan, góða stund.

Kennarasamþykktir

Framhald af 3. síðu. 1956 skorar á varnarmála-deild utanríkisráðuneytisins að gera allt sem unnt er til þess að koma í veg fyrir hið tíða flug orustuflugvéla yfir bæjum og byggðum á Suðurnesjum sakir þeirrar gifurlegu hættu fyrir líf og lími í-búanna, sem slíku flugi er samfara, og ennfremur sakir þeirra miklu truflana, sem umrætt flug hefur í för með sér fyrir alla kennslustarfsemi.“

Eysteinn og Sigurvin. Þóttust þeir vera að skopast að Sigurði Elíassyni, en mönnum fannst endilega að hér væru þeir nú loks komnir Konni og Baldur.

★ Tungan í Gísla?

Svo er hér að lokum ein saga eldri. Hinn þjóðkunni umboðsmaður Rússa hér á landi, Gísli Jónsson alþm. ferðaðist um kjördæmið á rússneskum jeppabíl, splúnkunýjum. Einhversstaðar barst í tal að hann hefði nú haldið þessum eftir þegar Hannes á Undirfelli og þeir félagar úthlutuðu. Ekki alveg það, sagði Gísli, keypti hann á svörtum markaði.

Smurlingar

Framhald af 5. síðu. og af þeim lagði ilm, sem talinn er stafa frá efnunum sem notuð hafa verið til að smyrja þau. Í gröfnni fundust skartgripir, reykselsi og áletraðir munir, sem sýndu að líkin eru af aðalsfólki.

Rektu út úr þér tunguna, sagði Gísli við bílstjóran sinn, svo bóndinn geti séð hvort ég segi ekki satt.

Smábækurnar

Framhald af 12. síðu. erlendra smásagna í þýðingu Jóns Sigurðssonar frá Kaldaðar-nesi o. fl. í safninu munu og koma nokkrar hinna kunnustu Íslendingasagna, Njála, Grettis-saga o. fl.

Getraunir

Til þess að ýta undir með því að unga fólkið lesi bækurnar rækilega verður efnt til allflókinnar getraunar í sambandi við útgáfuna. Hverri bók fylgir kort til útfyllingar og verða há verðlaun veitt fyrir réttar ráðningar. Þannig fylgja fyrstu bókinni, ljóðum Jónasar, seðlar er gefa mönnum tækifæri til að taka þátt í getrauninni. Fyrstu verðlaun eru rit Gunnars Gunnarssonar, önnur verðlaun rit Laxness, þriðju verðlaun rit Davíðs, fjórðu safnið Íslands þúsund ár og fimmtu verðlaun 1000 kr. í peningum.

Tuttugu myndlistarmenn gefa ...

Framhald af 1. síðu honum þeir Gunnar Sigurðsson enda dveljast sumir þeirra erlendis um þessar mundir, svo Íslenzkir listamenn hafa jafnsem Þorvaldur Skúlason, Nína an haft mætur á róttækum öfl-Tryggvadóttir, Hörður Ágústsson o. fl., og er því ekki ósenni að minnast hinnar stórhöfðinglegt að efnt verði til annars legu gjafar Gunnlaugs Sche-listaverkamarkaðs á næstunni. vings til Þjóðviljans. Hinar veg- Aðalforgöngu um að koma legu gjafir svo margra ágættra þessum listaverkamarkaði upp listamanna sýna að svo er enn; hefur Sveinn Guðmundsson og flytur Alþýðubandalagið haft, en einnig hafa unnið að þeim hugheilar þakkir.

NOKKRAR STÚLKUR

geta fengið stöðu við flugvélaafgreiðslu flugmála-stjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Umsóknir, er tilgreini menntun og fyrri störf, ásamt ljósmynd, sendist skrifstofu minni á Reykjavíkurflugvelli fyrir 20 p. m.

Reykjavík, 7. júní 1956.

Flugmálastjórinn

Agnar Kofoed-Hansen.

Munið fegurðarsamkeppnina í Tívoli í kvöld